

Fundargerð
237. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 23. maí 2017 kl. 12¹⁵ – 13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Skýrsla stjórnar
- (3) Raftæki
- (4) Rekstur
- (5) Spilliefni
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([236. fundar](#)).

Samþykkt

2. Skýrsla stjórnar

Lögð voru fram á fundinum drög að skýrslu stjórnar sem er hluti af ársreikningi sjóðsins fyrir rekstrarárið 2016.

3. Raftæki

Á fundinum var farið yfir ráðstefnu um raftækjaúrgang, WEEE Forum 2017 Conference, sem ÓK sótti. ÓK fór yfir og sýndi glærur um helstu umræðuefni á ráðstefnunni. Jafnframt kynnti hann starfsemi WEEE Forum sem eru regnhlífarsamtök aðila sem gegna svipuðu hlutverki og Úrvinnslusjóður gegnir í tengslum við raftæki og raftækjaúrgang.

Stjórn felur ÓK að sækja um aðild að WEEE Forum.

LÓ fer fram á að stjórn Úrvinnslusjóðs beini þeim tilmælum til UAR að samhliða beiðni um álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um framleiðendaábyrgð, sbr. nefndarálít umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 19. maí sl., verði leitað álits ESA um hvort og hvernig starfsemi sjóðsins, þ.m.t. samsetning stjórnar, uppfylli kröfur regluverks EES-samningsins sem um málauflokkinn gilda og til hvaða úrræða þurfi að grípa telji stofnunin meinbugi þar á.

4. Rekstur

Lagt var fram og kynnt á fundinum yfirlit yfir rekstur vöruflokka janúar til apríl 2017

5. Spilliefni

Lagt var fram yfirlit yfir tillögur um breytingar á endurgjaldi til þjónustuaðila vegna spilliefna. Um er að ræða u.p.b. 7% hækkun. Breytingarnar eru vegna hækkunar hjá Kölku og launabreytinga á síðasta ári.

Stjórn samþykkir hækkað endurgjald vegna spilliefna samkvæmt framlögðum útreikningum.

6. Önnur mál.

Lagt var fram á fundinum nefndarálit þingnefndar um frumvarp um meðhöndlun úrgangs. Í nefndarálitinu er fjallað um greiðslu framleiðenda/innflytjenda/Úrvinnslusjóðs fyrir geymslu raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Nefndin beinir því til UAR að ráðuneyti leiti leiðbeninga hjá Eftirlitsstofnun EFTA um rétta túlkun tilskipunarinnar. UAR hafði í greinargerð með frumvarpinu sagst ætla að fela Úrvinnslusjóði að komast að niðurstöðu um hæfilega greiðslu.

Næsti fundur ákveðinn 6. júní 2017.

Fundi slitið kl 13.50

*Gunnar Gíðarson
Björnur Guðmundsson
Björnur Sintadottir
Klaus Ólafur
Hjálmar
Guðrún Óskarsdóttir*